

**Sp. 821. Tillaga til þingsályktunar**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á efni í raforkuveitu til Dalvíkur.

Flm.: Garðar Þorsteinsson, Bernharð Stefánsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði á þessu og næsta ári til kaupa á efni í raforkuveitu frá Akureyri til Dalvíkur.

**Greinargerð.**

Það má teljast knýjandi nauðsyn, að rafmagnsleiðsla verði lögð út um Eyja-fjörð vestanverðan út til Dalvíkur. Á þessari leið eru þrjár sildarverksmiðjur, í Krossanesi, á Dagverðareyri og á Hjalteyri. Dalvík er nú orðin allfjölmennt þorp, og er þar mikil útgerð. Línan mundi væntanlega liggja um Hauganes og Litla-Árskógssand og e. t. v. til Hríseyjar, en á öllum þessum stöðum er töluverð útgerð, og mundi, ef rafmagn fengist, vaxa upp alls konar iðnaður.

Um leið og þessi tillaga er flutt, er tekin aftur brtt. á þskj. 467